

***BORGARRÁÐ 14. maí 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að tillögur minnihlutaflokkana verði ekki lagðar fram í nafni meirihlutans - R20050161***

Flokkur fólksins (Ff) leggur til að verklagi verði breytt í nefndum og ráðum sem varðar meðferð og afgreiðslu tillagna frá minnihluta með það að markmiði að koma í veg fyrir höfnun tillagna minnihlutans til málamynda svo að meirihlutinn geti lagt sambærilegar tillögur fram í eigin nafni. Hér er dæmi til skýringar: Á fundi skóla og frístr. var lögð fram tillaga Ff um að „að farið verði kerfisbundið yfir ferla grunnskóla Reykjavíkur gagnvart einelti með það að markmiði að kanna hvernig skólar sinna forvörnum og hver viðbrögð skólanna eru, komi kvörtun um einelti. Markmiðið er að tryggja samræmt verklag svo allir skólar standi nokkurn veginn jafnfætis gagnvart forvörnum, viðbragðsáætlun og úrvinnslu. Lagt er til að athugað verði hvort skólar í Reykjavík hafi þau verkfæri og aðferðir til að geta tekið á móti og unnið með eineltismál með faglegum og skilvirkum hætti.“ Á fundinum var lögð fram breytingatillaga meirihlutans, nákvæmlega eins tillaga og Ff en breytingatillagan var samþykkt. Það hefði verið eðlilegt að samþykkja tillögu Ff og ef meirihlutinn vildi gera smávægilegar breytingar hefði mátt útfæra það í framhaldinu. Það eru óskiljanleg vinnubrögð að hafna tillögu minnihlutaflokks en koma með nákvæmlega eins breytingatillögu frá meirihlutanum og samþykkja hana. Ekki er hægt að sjá hvaða rök liggja að baki, önnur en pólitískir hagsmunir meirihlutans.

**Greinargerð:**

Hér má sjá þessar tvær tillögur og það sem upp úr stendur er að tillaga Flokks fólksins er nú orðin tillaga meirihlutans. Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði frá 12. september 2019 sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs: Flokkur fólksins leggur til að farið verði kerfisbundið yfir viðbrögð grunnskóla Reykjavíkur gagnvart einelti með það að markmiði að kanna a) hvernig skólar sinna forvörnum og b) hver viðbrögð skólanna eru komi kvörtun um einelti. Markmiðið með kerfisbundinni yfirferð sem þessari er einnig að samræma hvorutveggja eftir því sem þurfa þykir þannig að allir skólar standi nokkurn veginn jafnfætis bæði hvað varðar forvarnir, viðbragðsáætlun og úrvinnsluferli. Flokkur fólksins leggur til að athugað verði sérstaklega hvort skólar í Reykjavík hafi þau verkfæri tiltæk og aðferðir, bæði almenn og sértæk til að geta tekið á móti og unnið með kvörtunarmál um einelti af öllum stærðargráðum með faglegum og skilvirkum hætti. Lagt er til að kannað verði sérstaklega: Er tilkynningareyðublað á heimasíðu? Er viðbragðsáætlun á heimasíðu? Er lýsing á úrvinnslu ferli kvörtunarmála aðgengileg á heimasíðu? Er upplýsingar á heimasíðu skólans hverjir sitja í eineltisteymi skólans? Er skýrt á heimasíðu hverjir taka við eineltiskvörtunum? Breytingartillaga skóla- og frístundaráðs: Skóla- og frístundaráð leggur til að farið verði kerfisbundið yfir ferla grunnskóla Reykjavíkur gagnvart einelti með það að markmiði að kanna hvernig skólar sinna forvörnum og hver viðbrögð skólanna eru komi kvörtun um einelti. Markmiðið er að tryggja samræmt verklag svo allir skólar standi nokkurn veginn jafnfætis varðandi forvarnir, viðbragðsáætlun og úrvinnslu. Lagt er til að athugað verði hvort skólar í Reykjavík hafi þau verkfæri og aðferðir til að geta tekið á móti og unnið með eineltismál með faglegum og skilvirkum hætti.